

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1316  
komudagur 14.2.2011



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild) - 303. mál.

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu reglugerðarheimildar til handa efnahags- og viðskiptaráðherra í lög um einkaleyfi.*

Viðskiptaráð gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp sem felur í sér skýrari ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra vegna gjaldtöku Einkaleyfastofnunar. Skýrleiki ákvæða er mikilvægur svo framkvæmd sé í samræmi við vilja löggjafans. Það skortir þó nokkuð uppá frekari greinargerð með frumvarpinu, til að mynda er ekki skýrt hvort hér sé útvíkkun á gjaldheimtu að ræða. Einnig kemur ekki fram í greinargerð af hverju heimild til að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald sé látin niður falla.

Virðingarfyllt,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands